



Skipulags- og samgönguráð
Borgartúni 12 – 14
105 Reykjavík

Tillaga um lækkun hámarkshraða í samræmi við hámarkshraðaáætlun – Fyrsti áfangi.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 12. maí sl. var skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar falið að gera tillögu að fyrsta áfanga innleiðingar hámarkshraðaáætlunar. Áætlunin skyldi koma til framkvæmda á árinu og lögð yrði áhersla á götur við leiðir barna til og frá skóla eða frístundum sem og götur þar sem er mikill fjöldi gangandi vegfarenda.

Í samræmi við ofangreint leggur skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar til að skipulags- og samgönguráð samþykki eftirfarandi:

1. Að leyfilegur hámarkshraði á eftirfarandi götum verði 40 km/klst.
 - a. Snorrabraut, milli Burknagötu og Grettisgötu.
 - b. Fjallkonuvegur, milli Gullinbúar og Frostafoldar.
 - c. Fjallkonuvegur, milli Jöklafoldar og Hallsvegar.
2. Að leyfilegur hámarkshraði á eftirfarandi götum verði 30 km/klst.
 - a. Snorrabraut, milli Grettisgötu og Sæbrautar.
 - b. Borgartún, milli Snorrabrautar og Katrínartúns.
 - c. Nóatún, milli Laugavegs og Borgartúns.
 - d. Engjateigur.
 - e. Langholtsvegur, milli Skeiðarvogs og Sæbrautar.
 - f. Álfheimar.
 - g. Holtavegur, milli Langholtsvegs og Sæbrautar.
 - h. Stjörnugróf.
 - i. Seljaskógar, milli Grófarsels og Hjallasels.
 - j. Bæjarbraut.
 - k. Rofabær, milli Hraunbæjar og þrengingar austan Brúaráss.
 - l. Bjallavað.
 - m. Ferjuvað.
 - n. Völundarhús, milli Suðurhúsa og Gagnvegs til vesturs.



- o. Langirimi, milli Hallsvegar og Flétturima.
- p. Mosavegur / Spöngin, milli Móavegar og Skólavegar.
- q. Vegur norðan við Rauðavatn ásamt vegtengingu við Hádegismóa, merkt II gata og Aðalbraut.

Ofangreint verði merkt í samræmi við reglugerð nr. 289/1995, um umferðarmerki og notkun þeirra, ásamt áorðnum breytingum.

Í samræmi við ákvæði 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, hefur tillagan verið borin undir og samþykkt af lögreglunni á höfðuborgarsvæðinu.

Greinargerð

Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkurborgar samþykkti hámarkshraðaáætlun Reykjavíkur 14. apríl 2021. Áætlunin var staðfest í Borgarstjórn þann 4. maí 2021 og er aðgengileg [hér](#). Að ofan er tillaga um hraðabreytingar á götuköflum sem lagðar eru til í 1. áfanga og stefnt er á að komi til framkvæmda síðsumars eða haust 2021. Hugsanleg áhrif breytinganna á ferðatíma strætisvagna voru metin í samráði við Strætó bs. Greiningarnar benda til þess að áhrif 1. áfanga á ferðatíma vagnanna séu minniháttar (< 1,5% af heildar ferðatíma) og tillagan er unnin með Strætó bs.


Við ákvörðun á hvaða götukaflar voru valdir fyrir 1. áfanga, var lögð áhersla á eftirfarandi atriði:

1. Umferðaröryggisleg sjónarmið, þó sérstaklega barna og óvarinna vegfarenda.
2. Uppbyggingu umferðarumhverfis og hversu vel það styður við nýjan hámarkshraða, miðað við núverandi innviði og fyrirhugaðar framkvæmdir sumarið 2021.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri

Hjálagt:

1. Yfirlitskort með breytingum á hámarkshraða.



- Hámarkshraði óbreyttur
- 30 km/klst - Áfangi 1
- 40 km/klst - Áfangi 1